# VILT ÞÚ SETJA UPP *HLEÐSLUSTÖÐ* FYRIR RAFBÍLA?

**Hleðsla**
*Í HLAÐI*

***Hleðsla í hlaði*** óskar eftir áhugasömum bændum sem hafa áhuga á því að setja upp hleðslustöð fyrir rafbíla á sínu býli og bjóða almenningi og ferðamönnum upp á hleðsluþjónustu.

**ÁVINNINGUR BÆNDA ER MARGS KONAR:**

- √ *Sala á rafmagni er ný tekjulind*
- √ *Viðbót við aðra þjónustu á býlinu*
- √ *Fyrstu 20 aðilarnir fá styrk til uppsetningar*
- √ *Stuðningur og ráðgjöf*

***Hleðsla í hlaði*** er samstarfsverkefni *Bændasamtakanna*, *Orkuseturs* og *Hey Iceland*. Aðalmarkmið er að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla í sveitum landsins. Þéttara net hleðslustöðva hvetur til aukinnar rafbílanotkunar og stuðlar að umhverfisvænni samgöngum.

Verkefnið ***Hleðsla í hlaði*** mun veita bændum handleiðslu við að koma upp hleðslustöð og standa fyrir kynningu á þjónustunni.

Nánari upplýsingar um ***Hleðslu í hlaði*** veita þau Berglind Viktorsdóttir **(berglind@heyiceland.is)** hjá *Hey Iceland* í síma **570-2710** og Tjörvi Bjarnason **(tjorvi@bondi.is)** hjá *Bændasamtökum Íslands* í síma **563-0300** og á **bondi.is.**

**Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, um hleðslustöðvar fyrir rafbíla:**

**„Ég tel það algera markaðssnilld hjá bændum sem eru í ferðaþjónustu að vera með rafhleðslustöðvar heima við. Bæði er það þannig að bændur gætu verið með lítils háttar veitingarekstur og boðið vegfarendum upp á hleðslu í 60–90 mínútur á meðan menn snæða hjá þeim og eins yfir nóttina, fyrir þá sem eru að fara að gista.**

**Þetta steinliggur hjá bændum, sér í lagi þeim sem eru með heimavirkjun og fyrir þá sem hafa áhuga á að nýta sér stór hlöðu- eða fjárhúsþök fyrir sólarsellur.**

**Krafan verður innan skamms sú að fólk ætlast til að geta hlaðið bíla þar sem það stoppar og þeir sem ekki fylgja með sitja eftir.“**

***Bændablaðið, 1. tbl. 2018.***

